

Nd.

566. Frumvarp til laga

um að mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenskra fiskframleiðenda skuli vera undanþegin útsvari og tekju- og eignarskatti.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Mjólkursamsalan í Reykjavík og sölusamband íslenskra fiskframleiðenda í Reykjavík, meðan það hefir löggildingu sem aðalútflytjandi saltfiskjar samkvæmt lögum, skulu undanþegin öllum tekju- og eignarskatti, svo og því að greiða aukaútsvar eftir efnunum og ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.